

**Til atvinnuveganefndar v. Rammaáætlunar**

7. maí 2012

Ég undirritaður, Viðar Hreinsson, 031156-2119, vil mótmæla því harðlega að jarðhitasvæði á Reykjanesfólkvangi séu sett í nýtingarflokk í Rammaáætlun. Svæðið er einstakt og fagurt útivistarsvæði í nágrenni við höfuðborgarsvæðið og ómælanlega verðmætt sem slíkt. Sveifluháls er töfraveröld móbergsmyndana steinsnar frá jarðhitasvæðinu í Krýsuvík sem er aðgengilegasta háhitasvæði á landinu og Kleifarvatni sem er einstakt á heimsmælikvarða.

Óendanlegir möguleikar eru á að byggja upp arðbæra ferðaþjónustu um allt Reykjanes sem væri í sátt við náttúruna. Nú þegar eru 4 jarðvarmavirkjanir á Reykjaneskaga. Að breyta friðlýstum fólkvangi og útivistarsvæði í orkuvinnslusvæði er tímasekkja og í andstöðu við þá miklu hagsmuni sem felast í þróun ferðaþjónustu á Reykjaneskaga.

Sömuleiðis ættu Eldvörp skilyrðislaust að fara í verndarflokk. Þar liggja gamlar þjóðleiðir sem í dag eru vinsælar gönguleiðir. Auk þess ætti ekki að hrófla við umhverfi gígaraðarinnar sjálfar sem er einstakt jarðfræðilegt fyrirbæri, eins og smækkuð mynd af Lakagígum. Loks er ljóst að áform um jarðvarmavirkjun í Stóru-Sandvík mun skaða það áhugaverða umhverfi verulega og koma í veg fyrir atvinnuþróun af öðrum toga.

Jarðvarmavirkjanir nýta enn sem komið er einungis brot af þeirri orku sem kemur úr iðrum jarðar þegar aðeins er virkjað til rafmagnsframleiðslu. Því eru slíkar virkjanir víðsfjarri allri sjálfbærri þróun sem heimsbyggðinni er brýn nauðsyn að tileinka sér. Því þarf að þróa miklu betri aðferðir til vinnslu og nýtingar jarðvarma áður en virkjanir geta stuðlað að sjálfbærri þróun.

Þá hvet ég eindregið til þess að horfið verði frá hugmyndum um virkjanir í Skjálfandafljóti, einkum Fljótshnjúksvirkjun og Hrafnabjargavirkjun, og þær settar í verndunarflokk. Aldeyjarfoss og öll fossaröðin á þeim slóðum, Ingvararfossar og Hrafnabjargarfossar, eru einstakt svæði. Margir telja Aldeyjarfoss einn sérstæðasta og fegursta foss landsins og verði hróflað við svæðinu með virkjunum verður skömm þeirra sem að því standa uppi meðan land byggist.

Vinsamlega,

Viðar Hreinsson